

Tillaga stjórnar til breytinga á lögum Golfklúbbsins Keilis lögð fram á aðalfundi þann 6. desember 2022:

1. gr.

8. gr. breytist og hljóði svo (**breytingatillögur í rauðu letri**):

Stjórn Keilis skipa sjö félagsmenn. Stjórnin skal kosin á aðalfundi. Formann stjórnar skal kjósa sérstaklega til eins árs í senn. Meðstjórnendur skulu kosnir til tveggja ára, þrír hvert ár. Framboð til stjórnar skulu berast skrifstofu Keilis eigi síðar en viku fyrir aðalfund. Heimilt er að hafa kosningar með rafrænum hætti. Stjórnin skiptir með sér verkum og kýs m.a. varaformann sem er staðgengill formanns. Fundargerðir skulu haldnar um fundarstörf stjórnar. Ársreikningar félagsins skulu ~~endurskoðaðir~~ **skoðaðir og áritaðir** af ~~endurskoðanda~~ **skoðunarmanni** eða ~~endurskoðunarfélagi~~ sem skal kosin á aðalfundi félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum í félaginu, nema annars sé getið í lögum þessum. Stjórn er ályktunarhæf þegar fimm stjórnarmenn sækja fund, þar á meðal formaður eða staðgengill hans. Verði atkvæði jöfn á stjórnarfundi telst tillaga að svo stöddu fallin og skal hún þá tekin til afgreiðslu að nýju eins fljótt og kostur er að viðstöddum öllum stjórnarmönnum. Kjörgengir til stjórnarstarfa eru allir lögráða félagsmenn. Atkvæðisrétt á félagsfundum og kjörgengi til annarra trúnaðarstafa hafa allir félagsmenn sem skuldlausir eru við klúbbinn og orðnir eru fullra sextán ára á fundardegi.

Stjórnarmenn skulu undanþegnir árgjöldum.

Stjórnin ræður félaginu framkvæmdastjóra og ákveður ráðningarkjör hans.

Framkvæmdastjóri stýrir daglegum rekstri félagsins í samræmi við stefnumörkun stjórnar.

2. gr.

13. gr. breytist og hljóði svo (**breytingatillögur í rauðu letri**):

Störf aðalfundar eru:

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmd á síðastliðnu ári.
  2. ~~Endurskoðaðir~~ **Reikningar** lagðir fram til samþykkis.
  3. Stjórnarkosning.
  4. Kosning fulltrúa og varafulltrúa í þau samtök, sem Keilir er aðili að.
  5. Kosning ~~endurskoðanda~~ **skoðunarmanns** eða ~~endurskoðendafélags~~ **skoðunarfélags**.
  6. Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs til samþykkis.
  7. Önnur mál
- Fundargerðir skulu haldnar um störf aðalfundar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda að fenginni staðfestingu ÍSÍ.

Greinargerð:

Á aðalfundi Keilis 2020 var samþykkt lagabreytingatillaga sem hafði það að markmiði að veita stjórn Keilis heimild til þess að láta framkvæma skoðun á reikningum félagsins í stað löggildrar endurskoðunar.

Athugasemd barst frá eftirlitsnefnd með fjármálum íþróttafélaga á vegum Hafnarfjarðarbæjar um að gera þyrfti breytingu á orðalagi á lögum félagsins.

Er það lagt til í þeim tilgangi að ekki leiki vafi á þessari heimild.

Lagabreytingatillögurnar nú eru svar við þeim athugasemdum, en stjórn Keilis telur mikilvægt í ljósi kostnaðar að það sé lagt í hendur stjórnar hverju sinni hvort framkvæmd sé skoðun eða löggild endurskoðun ársreiknings.

Stjórn Keilis mun ennfremur taka upp það verklag að framkvæma fyrirvaralaus og reglubundnar prófanir á innra skipulagi rekstrar félagsins